



REGLUGERÐ UM ÍSLANDSMÓT Í HOLUKEPPNI KARLA OG KVENNA

1. kafli

1. gr.

GSÍ gengst árlega fyrir Íslandsmóti í holukeppni karla og kvenna.

2. gr.

Stjórn GSÍ skal auglýsa mótið og hafa yfirumsjón með framkvæmd þess. Stjórn GSÍ skal skipa menn í mótsstjórn í samráði við viðkomandi klúbba a.m.k. einum mánuði fyrir mótið. Stjórn GSÍ skal skipa a.m.k. einn dómara á hvern keppnisvöll. Viðkomandi klúbbur skal leggja dómurum og mótsstjórn til golfbíla, talstöðvar eða önnur fjarskiptatæki og sjá um kostnað vegna mótsstjórnar og dómara. Skipaður yfirdómari skal hafa alþjóðleg dómara réttindi.

3. gr.

Stjórn GSÍ ákveður þáttökugjöld og sér sá klúbbur um innheimtu sem heldur mótið á hverjum tíma. Þáttökugjald rennur til þess klúbbs er heldur mótið.

GSÍ á allan rétt gagnvart ljósvakamiðlun frá Íslandsmóti. Sá klúbbur sem heldur mótið á hverjum tíma skal útvega fjölmiðlum viðeigandi aðstöðu í klúbbhúsi. Stjórn GSÍ hefur rétt til að kynna samstarfsaðila sína á þeim golfvöllum sem Íslandsmót fer fram, í formi skilta, með fánum eða öðrum þeim hætti sem stjórn GSÍ ákveður. Þá skal merki GSÍ ávallt koma fram á öllu því efni sem útgefið er í sambandi við Íslandsmót og jafnframt vörumerki þeirra aðila sem eru samstarfsaðilar GSÍ að mótinu.

4. gr.

Þátttakendur skulu tilkynna um þáttöku til þess klúbbs sem mótið heldur a.m.k. 3 dögum fyrir fyrsta mótsdag (t.d. í síðasta lagi kl. 23:59 á þriðjudegi ef mótið hefst á föstudegi). Mótsstjórn getur þó heimilað þáttöku, berist tilkynning síðar enda hafi hámarksfjöldi þátttakenda ekki verið náð.

5. gr.

Almennir keppnisskilmálar og almennar staðarreglur, sem stjórn GSÍ setur, skulu gilda í mótinu. Mótsstjórn getur þó auglýst viðbætur og frávik ef þörf krefur. Jafnframt skal hún hafa eftirlit með merkingum vallar og holustaðsetningum og getur ákveðið breytingar. Þá getur mótsstjórn ákveðið að fresta umferð eða umferðum vegna veðurs. Staðarreglur og keppnisskilmálar skulu vera fyrir hendi þegar á fyrsta æfingadegi.



6. gr.

Þátttökugjald fæst einungis endurgreitt séu forföll boðuð eigi síðar en kl. 18:00, þremur dögum fyrir fyrsta keppnisdag.

2. kafli

7 gr.

Keppt er í flokki karla og kvenna. Keppendur eru 32 í karlaflokki og 24 í kvennaflokki.

Þátttökurétt í hvorum flokki hafa:

1. Ríkjandi Íslandsmeistari í holukeppni.
2. Þrír efstu Íslendingar á heimslista atvinnumanna (www.owgr.com) 14 dögum áður en mótið hefst.
3. Þrír efstu Íslendingar á heimslista áhugamanna (www.wagr.com) 14 dögum áður en mótið hefst.
4. Stigahæstu kylfingar á stigamótaröðinni, þar til fullum fjölda þátttakenda er náð. Stig reiknast þannig:
 - a. Við stig ársins bætast stig frá síðasta ári, frá og með síðasta Íslandsmóti í holukeppni
 - b. Þó skulu einungis 40% stiga sem keppendur ávinna sér í lokamóti síðasta keppnistímabils telja m.t.t. þátttökuréttar í Íslandsmótinu í holukeppni.
 - c. Endurröðun stiga fyrir lokamót síðasta keppnistímabils hefur ekki áhrif á stigafjölda m.t.t. þátttökuréttar í Íslandsmótinu í holukeppni.
5. Ákvæði einhverjir kylfingar sem eiga þátttökurétt að nýta hann ekki færast kylfingar upp um sæti sem því nemur og þeim næstu á stigamótaröðinni er boðinn þátttökuréttur. Séu kylfingar jafnir í sæti á stigamótaröðinni, sbr. lið 4, telst sá ofar sem ofar varð í Íslandsmótinu í golfi. Séu kylfingar enn jafnir, telst sá ofar sem náð hefur efra sæti á öðrum stigamótum.

Náist ekki full skráning þátttakenda samkvæmt ofangreindu skal öðrum kylfingum heimil þátttaka. Ræður þá forgjöf þátttökurétti. Séu kylfingar með jafnháa forgjöf ræður hlutkesti.

Ákvæði 4b og 4c koma til framkvæmda frá og með Íslandsmótinu í holukeppni árið 2017.

8. gr.

Skyllt er að keppnisvöllur sé opinn til æfinga fyrir skráða keppendur í minnst 2 daga fyrir mót. Heimilt er mótisstjórn að takmarka æfingu við eina umferð og skipuleggja rástíma ef með þarf.

9. gr.



Leikið skal í riðlum sem undanfara átta manna úrslita. Raðað í í riðla samkvæmt forgjöf, samanber viðauka I.

Forgjafarlægsti kyflingur í hverjum riðli 14 dögum áður en mótið hefst er kallaður leikmaður A, næstforgjafarlægsti leikmaður B, síðan leikmaður C og loks leikmaður D. Séu kyflingar með jafnháa forgjöf ræður hlutkesti röðun.

Í fyrstu umferð skal leika í átta fjögurra manna riðlum í karlaflokki og í sex fjögurra manna riðlum í kvennaflokki. Leikmaður A keppir við leikmann D, leikmaður B við leikmann C. Í annarri umferð keppir leikmaður A við leikmann C og leikmaður B keppir við leikmann D.

Ef ekki næst full þátttaka í alla riðla skal fjöldi riðla ráðast af fjölda þátttakenda. Ef keppendur eru t.d. 17 er keppt í 5 riðlum með þremur keppendum í riðlum 1-3 og fjórum keppendum í riðlum 4-5. Sjá viðauka II.

Í þriðju umferð keppir leikmaður A við leikmann B og leikmaður C við leikmann D.

Gefi kyflingur leik, hann forfallast eða ef riðlar eru ekki fullmannaðir telst mótherji hafa unnið leikinn, sbr. viðauka III.

Séu tveir kyflingar með jafnmarga sigra ræður innbyrðis viðureign úrslitum um sæti í riðlinum. Séu þrír kyflingar með jafnmarga sigra ræður munur á sigruðum og töpuðum holum í innbyrðis viðureignum þeirra úrslitum. Ef tveir þeirra eru þá efstir, með sama munur á sigruðum og töpuðum holum, ræður innbyrðis viðureign þeirra úrslitum. Ef allir þrír eru með sama munur á sigruðum og töpuðum holum sker bráðabani úr um úrslit.

10. gr.

Efsti leikmaður í hverjum riðli kemst áfram í 8 manna úrslit. Ef riðlar eru færri en átta komast að auki í 8 manna úrslit þeir leikmenn sem náðu bestum árangri í 2. sæti riðlakeppninnar, þar til fullum fjölda er náð í 8 manna úrslitum.

Besti árangur í 2. sæti reiknast sem flestir sigrar í riðlakeppninni og að því frátöldu mesti munur á sigruðum og töpuðum holum.

Verði tveir eða fleiri leikmenn með jafnan árangur í 2. sæti (og þeir komast ekki allir í 8 manna úrslit) ræður bráðabani úrslitum um hverjir komast í 8 manna úrslit.

Sigurvegargar í 8 manna úrslitum fara áfram í undanúrslit.



Sigurvegari í riðli 1 kallast leikmaður 1, sigurvegari í riðli 2 leikmaður 2 o.s.frv. Taki leikmenn sem höfnuðu í 2. sæti í sínum riðli þátt í 8 manna úrslitum raðast þeir á sama hátt, aftan við sigurvegarana. Í 8 manna úrslitum leikur leikmaður 1 við leikmann 8, leikmaður 2 við leikmann 7 o.s.frv. Sjá viðauka I.

Sigurvegarar í undanúrslitaleikjum leika í lokaumferð um 1. og 2. sætið á meðan þeir sem töpuðu keppa um 3. og 4. sætið.

11 gr.

Mótsstjórn ákveður rástíma og leikröð keppenda og skal hún kynnt ekki síðar en á fyrsta æfingadegi.

Röðun keppenda í leiki og á rástíma fer eftir þeim almennu reglum sem fram koma í viðauka I, keppnisskilmálar í Golfreglunum.

12. gr.

Sigurvegarar hljóta titlana Íslandsmeistari karla og Íslandsmeistari kvenna í holukeppni.

13. gr.

Stigagjöf vegna Íslandsmóts í holukeppni fer eftir reglugerð um stigamót.

14. gr.

Að öðru leyti gilda móta- og keppendareglur GSÍ.

15. gr.

Þannig samþykkt á stjórnarfundum GSÍ 16. júní 2017.



VIÐAUKI I

Rástímaröðun og niðurröðun í riðla

Niðurröðun í riðla - Karlar

| Riðill | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 |
|--------|----|----|----|----|----|----|----|----|
| | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 |
| | 16 | 15 | 14 | 13 | 12 | 11 | 10 | 9 |
| | 17 | 18 | 19 | 20 | 21 | 22 | 23 | 24 |
| | 32 | 31 | 30 | 29 | 28 | 27 | 26 | 25 |

Raðað er í riðla skv. forgjöf leikmanna.
Sæti raðast í riðla eins og sýnt er að ofan.

Niðurröðun í riðla - Konur

| Riðill | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
|--------|----|----|----|----|----|----|
| | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
| | 12 | 11 | 10 | 9 | 8 | 7 |
| | 13 | 14 | 15 | 16 | 17 | 18 |
| | 24 | 23 | 22 | 21 | 20 | 19 |

Raðað er í riðla skv. forgjöf leikmanna.
Sæti raðast í riðla eins og sýnt er að ofan.

8 manna úrslit:

| | | |
|-----------------|--|--|
| Leikur 1 | Leikmaður 1 (sigurvegari í riðli 1) | Leikmaður 8 (sigurvegari í riðli 8) |
| Leikur 2 | Leikmaður 4 (sigurvegari í riðli 4) | Leikmaður 5 (sigurvegari í riðli 5) |
| Leikur 3 | Leikmaður 3 (sigurvegari í riðli 3) | Leikmaður 6 (sigurvegari í riðli 6) |
| Leikur 4 | Leikmaður 2 (sigurvegari í riðli 2) | Leikmaður 7 (sigurvegari í riðli 7) |



Séu riðlar færri en átta eru leikmenn 8, 7, 6 o.s.frv. leikmenn með besta árangur í 2. sæti, sbr. 10. grein.

Dæmi um 8 manna úrslit ef riðlar eru sex:

| | | |
|-----------------|--|--|
| Leikur 1 | Leikmaður 1 (sigurvegari í riðli 1) | Leikmaður 8 (næstbesti árangur í 2. sæti í riðlakeppni) |
| Leikur 2 | Leikmaður 4 (sigurvegari í riðli 4) | Leikmaður 5 (sigurvegari í riðli 5) |
| Leikur 3 | Leikmaður 3 (sigurvegari í riðli 3) | Leikmaður 6 (sigurvegari í riðli 6) |
| Leikur 4 | Leikmaður 2 (sigurvegari í riðli 2) | Leikmaður 7 (besti árangur í 2. sæti í riðlakeppni) |

Undanúrslit (sigurvegarar úr 8 manna úrslitum)

| | | |
|-----------------|-----|-----|
| Leikur 1 | 1/8 | 4/5 |
| Leikur 2 | 3/6 | 2/7 |

VIÐAUKI II

Fjöldi riðla og röðun í riðla

| Þátttakendur | Fjöldi riðla |
|--------------|--------------------------|
| 1 - 8 | Riðlakeppni fellur niður |
| 9-12 | 3 |
| 13-16 | 4 |
| 17-20 | 5 |
| 21-24 | 6 |
| 25-28 | 7 |
| 29-32 | 8 |

Dæmi um röðun, 27 þátttakendur - 7 riðlar:

| Riðill | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 |
|--------|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 |



| | | | | | | | |
|--|----|----|----|----|----|----|----|
| | 14 | 13 | 12 | 11 | 10 | 9 | 8 |
| | 15 | 16 | 17 | 18 | 19 | 20 | 21 |
| | | 27 | 26 | 25 | 24 | 23 | 22 |

Dæmi um röðun, 21 þátttakandi - 6 riðlar:

| Riðill | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
|--------|----|----|----|----|----|----|
| | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
| | 12 | 11 | 10 | 9 | 8 | 7 |
| | 13 | 14 | 15 | 16 | 17 | 18 |
| | | | | 21 | 20 | 19 |

Dæmi um röðun, 15 þátttakendur - 4 riðlar:

| Riðill | 1 | 2 | 3 | 4 |
|--------|---|----|----|----|
| | 1 | 2 | 3 | 4 |
| | 8 | 7 | 6 | 5 |
| | 9 | 10 | 11 | 12 |
| | | 15 | 14 | 13 |

VIÐAUKI III

Úrslit ef leikur er gefinn, leikmaður forfallast eða riðlar eru ekki fullmannaðir

| Leiknar holar í umferðinni | Úrslit |
|----------------------------|--------|
| 1 - 5 | 1/0 |
| 6-8 | 2/1 |
| 9-12 | 3/2 |
| 13-16 | 4/3 |
| 17-19 | 5/4 |
| 20-23 | 6/5 |
| 24-26 | 7/6 |
| 27-30 | 8/7 |



| | |
|--------------|------|
| 31-34 | 9/8 |
| 35-36 | 10/9 |